

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. nóvember 2018 í máli nr. S-211/2018:

Ákærvaldið

(*Pétur Hrafn Hafstein saksóknarfulltrúi*)

gegn

Bjarka Ríkarðssyni

(*Bjarni Hauksson lögmaður*)

Mál þetta, sem dómtekið var 6. nóvember 2018, var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dags. 12. apríl 2018, á hendur:

„Bjarka Ríkarðssyni, kennitala 000000-0000,
[...], Reykjavík,

fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa að kvöldi [...] 2014 að [...], Reykjavík, ráðist á A með hnefahöggum og spörkum, með þeim afleiðingum að A féll í gólfíð, og þar sem hann lá, sparkað nokkrum sinnum í líkama hans og andlit, allt með þeim afleiðingum að A hlaut glóðarauga á hægri auga, aflögun á nefi og brotið nefbein, brot í augnbotnsgólfi, brot í fremri vegg kjálkabeins hægri megin og brotið rifbein vinstra megin.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum miskabætur að fjárhæð 900.000 kr. með vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá árárardegi þangað til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu, en síðan með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laganna. Þá er krafist málskostnaðar.

Verjandi ákærða krefst sýknu en til vara vægustu refsingar er lög leyfa og skilorðsbindingar að fullu. Þá krefst hann hæfilegrar þóknunar sér til handa. Hann krefst frávísunar bótakröfu.

Málsatvik

Hinn [...] 2014 kom brotaþoli A til lögreglu og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir líkamsárás [...] 2014 á heimili hans. Lýsti hann atvikum svo að ákærði hefði komið heim til hans umræddan dag. Hann hafi verið undir áhrifum áfengis og röflandi, dónalegur og yfirgangssamur. Hefði brotaþoli beðið hann um að fara. Hafi ákærði þá ráðist á sig aftan frá með höggum og spörkum. Hafi brotaþoli steinlegið í gólfinu við þetta og hafi ákærði þá haldið áfram og látið högg og spörk dynja á honum. Hafi högginn komið í andlit hans og líkama. Kvaðst brotaþoli hafa vankast fljótlega og ekki getað varið sig. Þegar hann hafi rankað við sér hafi ákærði verið á bak og burt. Hafi hann náð að skríða upp í rúm og hafi legið þar til morguns en þá hafi hann farið á slysadeild. Hafi þá komið í ljós að hann hefði hlotið verulega áverka. Fram kemur í skýrslu brotaþola að hann hafi verið bláedrú sjálfur umrætt sinn. Þá hafi ákærði sent honum sms eftir þetta og beðið hann afsökunar.

Við komu á lögreglustöðina [...] 2015 leiðrétti brotaþoli dagsetningu árásarinnar og kvað hana hafa átt sér stað [...] 2014 á milli kl. [...].

Skýrsla var tekin af ákærða [...] 2014. Kvaðst hann muna eftir því að hafa farið heim til brotaþola á [...]. Kvaðst ákærði hafa byrjað að drekka áfengi um hádegið þann dag. Kvaðst hann muna eftir því að brotaþoli hefði gargað eitthvað á sig og rekið sig út. Næst myndi hann eftir sér á [...] með sár á höfði sem hann gat ekki útskýrt. Hann taldi ólíklegt að áverkar brotaþola væru af sínum völdum, a.m.k. ekki allir áverkarnir. Kannaðist hann við að hafa í sms-samskiptum tekið brotaþola trúanlegan um að hann væri árásarmaðurinn og sýnt auðmýkt.

Meðal gagna málsins er læknisvottorð sérfræðings á bráðadeild. Þar kemur fram að slysdagur hafi verið [...] 2014. Haft er eftir brotaþola að tveir menn hafi ráðist á hann þegar hann var á gangi og dregið hann niður í jörðina. Hann hafi komist undan og farið heim. Þá hafi kunningi hans komið og hafi þeir lent í rifrildi. Hafi hann vísað manningnum út en sá hafi sparkað í bakið á honum svo að hann féll fram fyrir sig og skallaði ofninn. Þá muni kunninginn hafa sparkað margoft í kvið, brjóstkassa og vinstri hluta höfuðs hans. Hafi hann misst meðvitund eftir barsmíðarnar og ekki farið á slysadeild fyrr en daginn eftir árásina. Tók hann fram að hann hefði verið barinn í höfuðið nokkrum vikum fyrr með hamri án þess að alvarlegar afleiðingar hefðu hlotist af. Við skoðun og rannsóknir hafi komið í ljós glóðarauga á hægri auga og hafi það verið nokkuð sokkið. Þá hafi brotaþoli verið nefbrotinn og einnig hafi verið brot í augnbotnsgólfi og í fremri vegg kjálkabeins hægri megin. Einnig hafi komið í ljós gróandi rifbrot vinstra megin. Var brotaþoli greindur með brot annarra kúpu- og andlitsbeina, mar á andliti og nefbeinabrot. Brotaþoli var útskrifaður á sýklalyfjum og kom í réttingu á nefbroti [...] 2014. Þann

[...] 2014 hafi önnur aðgerð verið framkvæmd á nefi sem við skoðun [...] 2014 leit vel út og nefið nánast beint.

Þá er meðal gagna skjáskot úr síma brotaþola sem hann afhenti lögreglu með sms-samskiptum á milli hans og ákærða á tímabilinu frá [...] 2014. Þar á meðal eru ljósmyndir sem sýna illa útleikið andlit brotaþola.

Með bréfi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettu [...] 2015, var brotaþola tilkynnt að málið hefði verið fellt niður með vísan til 145. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Brotaþoli kærði þá ákvörðun til ríkissaksóknara sem felldi ákvörðunina úr gildi [...] 2015 og lagði fyrir lögreglustjóra að taka málið til rannsóknar að nýju.

II.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða, brotaþola og annarra vitna við aðalmeðferð málsins, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess.

Ákærði kvaðst ekki muna eftir því kvöldi sem um ræðir. Hann kannast við að hafa farið heim til brotaþola að [...] og þeir hafi verið eitthvað að þræta. Enginn annar hafi verið viðstaddur. Brotaþoli hafi verið reiður og rekið hann á dyr. Aðspurður kvaðst ákærði ekki minnst þess að hafa séð áverka á brotaþola og hann myndi ekki hvort hann sjálfur hefði verið með áverka. Ákærði kvaðst hafa verið verulega drukkinn umrætt sinn. Hann hefði byrjað að drekka snemma þennan dag og kvöldið allt verið gloppótt. Mundi hann eftir að hafa hitt vitnið C á [...] en ekki um hvað þeir hefðu rætt. Þá kvaðst hann ekki muna eftir samtali við vitnið D, en þá hefði það aðeins verið til þess að segja honum að brotaþoli hygðist kæra hann fyrir líkamsárás. Í dag myndi ákærði hvorki eftir því sem hann hefði sagt í skýrslutöku hjá lögreglu né sms-samskiptum sínum við brotaþola eftir atvikið. Hann dró þó ekki í efa að hann hefði átt þau samskipti en taldi sig þó ekki hafa verið að viðurkenna líkamsárás. Kvaðst ákærði ekki hafa haft neina ástæðu til að ráðast á brotaþola, auk þess sem hann væri ekki ofbeldismaður. Þá hefðu hann og brotaþoli verið [...] fyrir þetta atvik.

Ákærði kvaðst hafa glímt við áfengisfíkn í gegnum tíðina og gengið í gegnum nokkrar áfengismeðferðir. Í dag byggji hann í [...] og væri edrú eftir meðferð sem hann hefði nýverið lokið.

Brotaþoli kvaðst hafa verið á heimleið með B eftir miðnætti. Þeir hafi báðir verið drukkniir. Á leið sinni hafi þeir hitt stráka og lent í rifrildi við þá. Kvaðst brotaþoli hafa komið sér úr þeim aðstæðum og flýtt sér heim. B hefði komið með honum. Spurður út í framburð sinn á slysadeild um að tveir menn hefðu ráðist á

hann og dregið hann niður í jörðina en hann komist undan, kvaðst brotaþoli ekki muna í dag hvað gerðist, komið hefði til ryskinga en hann hefði ekki tekið þátt í þeim og hefði ekki hlotið neina áverka eftir þessa menn. Brotaþoli kvað ákærða hafa komið heim til hans en þá hefði B farið. Kvaðst hann muna eftir því að þeir hefðu sest niður. Ákærði hefði ekki verið skemmtilegur og sennilega brotaþoli ekki heldur en þeir hefðu báðir verið drukkniir. Hafi brotaþoli viljað að ákærði færi og rekið hann út. Þá myndi hann eftir því að hafa snúið sér við en skyndilega hefði hann fengið högg aftan frá og við það hefði hann lent í gólfinu. Hann myndi lítið eftir sér eftir það en spörk og kýlingar hefðu fylgt eftir að hann lenti í gólfinu. Myndi hann eftir að hafa fengið högg í andlitið og í lifur en gat ekki lýst því frekar. Hann hefði verið nánast meðvitundarlaus en þegar hann hefði rankað við sér hefði hann hringt í E, [...], sem hefði farið með hann á bráðamóttökuna. Brotaþoli kvaðst hafa átt í sms-samskiptum við ákærða sem hefði beðið hann afsökunar. Brotaþoli lýsti afleiðingum árásarinnar og líðan sinni eftir hana. Kvaðst hann í kjölfarið hafa farið í meðferð og hafa verið edrú síðan. Hann hefði náð að jafna sig að mestu leyti.

D kvaðst vera [...]. Hefði hann það eftir ákærða að til handalögmála hefði komið á milli hans og brotaþola. Þá hefði brotaþoli sagt sér að ákærði hefði lamið hann „í klessu“. Kvaðst hann ekki vita neitt frekar um atvikið. Borinn var undir vitnið framburður hans í símaskýrslu lögreglu þar sem hann bar um að ákærði hefði sagt sér að hann hefði lamið brotaþola. Kvaðst hann ekki vera viss um að hann hefði sagt það nákvæmlega en taldi sig aðeins hafa talað um ryskingar þeirra á milli.

E kvað brotaþola hafa hringt í sig og sagt sér að hann hefði verið laminn. Hefði hann sagt ákærða vera gerandann. Vitnið kvað brotaþola hafa verið illa farinn og hefði hann ekið honum á slysadeild. Kvaðst hann ekki hafa fengið frekari lýsingu á árásinni en aðdragandinn hefði verið sá að þeir hefðu verið að drekka og upp hefði risið ágreiningur.

B kvaðst ekki muna neitt eftir atvikum og ekki kannast við hlutaðeigandi. Hann hafi verið í mikilli neyslu á þeim tíma sem um ræðir. Borinn var undir hann framburður hans hjá lögreglu en vitnið kvaðst ekki muna eftir skýrslutökunni.

G læknir gerði grein fyrir helstu niðurstöðum skoðunar á brotaþola og greiningum. Staðfesti hann að greindir áverkar hans hefðu sýnilega verið nýlegir og getað verið frá deginum áður. Hafi jafnframt komið í ljós rifbrot en það hafi verið byrjað að gróa og því augljóslega verið eldra, um einnar til tveggja vikna gamalt. Þá væri ekki unnt að fullyrða með ýmis eymsli í líkama brotaþola sem gætu verið vegna eldri tilvika eða átt sér aðrar orsakir. Brotaþoli hafi sagt frá eldri árás þar sem hann hefði fengið höfuðhögg en enga áverka hafi verið að finna á höfði. Þá yrðu þeir áverkar sem hann bar við komu ekki raktir til þess konar höggs.

Aðspurður kvaðst hann hafa kannað að beiðni sækjanda hver komudagur brotaþola á slysadeild hefði verið, reyndist það vera [...] 2014 og skráð af læknaritara á bráðamóttöku. Slysadagur væri einnig skráður [...] en þó kynni hann að hafa verið fyrir miðnætti. Skráningin væri ekki nákvæm að því leyti til.

III.

Niðurstaða

Fyrir liggur að brotaþoli varð fyrir líkamsárás og leitaði aðhlyningar á slysadeild. Samkvæmt vottorði læknis segir að „slysadagur“ sé fimmtudagur [...] 2014. Komudagur brotaþola á slysadeild var einnig [...] 2014 samkvæmt skráningu á slysadeild og er í vottorðinu vísað til þess að meint árás hafi átt sér stað um miðnætti daginn áður.

Brotaþoli kærði líkamsárásina [...] 2014 og kvað árásina þá hafa verið [...] 2014 en leiðrétti það síðar og kvað hana hafa verið [...] 2014. Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki muna hvenær hann hefði verið staddur á heimili brotaþola og gæti hann því ekki staðfest framburð sinn hjá lögreglu [...] 2014 þar sem fram kom að það hefði verið á miðvikudegi. Þá mundi hann ekki eftir því að hafa átt í sms-samskiptum við brotaþola [...] 2014 þar sem hann sakaði hann um líkamsárás daginn áður. Með hliðsjón af framangreindu þykir mega leggja til grundvallar að atvik máls hafi átt sér stað [...] 2014 eins og í ákæru greinir. Taka má undir með verjanda að gögn málsins séu misvísandi um dagsetningar og greinilega kastað til höndum við skýrslugerð á stöku stað. Þrátt fyrir þessa annmarka var vörn ákærða í engu áfátt.

Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði og framburði læknis voru staðfestir nýlegir áverkar brotaþola við komu á slysadeild.

Framburður ákærða, brotaþola og annarra vitna í máli þessu ber þess skýr merki hve langur tími er liðinn frá því að atvik áttu sér stað. Þá voru flestir undir áhrifum áfengis og/eða nautnalyfja á þeim tíma. Hið sama má segja um skýrslur vitna hjá lögreglu en sumar voru teknar um tveimur árum eftir að atvik áttu sér sér. Hefur það óneitanlega áhrif á sönnunargildi framburðanna.

Brotaþoli hefur frá upphafi borið um að hann hafi orðið fyrir líkamsárás á heimili sínu. Lýsti hann árásinni á slysadeild og kvað gerandann vera [...]. Í skýrslutöku hjá lögreglu nafngreindi hann ákærða og lýsti árásinni. Bar hann að ákærði hefði ráðist aftan að sér með höggum og spörkum og síðan veist að sér með höggum og spörkum þar sem hann lá í gólfinu. Fyrir dómi kvaðst brotaþoli ekki geta lýst líkamsárásinni nákvæmlega en muna eftir einu höggi aftan frá sem varð til þess að hann féll í gólfið. Hann myndi ekki sérstaklega eftir sparki í andlit heldur höggum og spörkum í búkinn. Brotaþoli kvaðst hafa verið mjög ölvaður þegar atvik

áttu sér stað. Í skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst hann hins vegar hafa verið bláedrú. Kvaðst brotþoli ekki geta skýrt hvers vegna hann hefði tiltekið það en kvað sennilegt að um „sjálfsréttlætingu“ hefði verið ræða. Að mati dómsins þykir þetta atriði ekki draga úr trúverðugleika brotþola um að atvikið hafi átt sér stað en ljóst er að ástand hans umrætt sinn kann að hafa haft áhrif á skynjun hans og minni hvað varðar einstök atriði.

Ákærði neitar sök og ber fyrir sig minnisleysi um atvik umrætt sinn vegna áfengisneyslu en einnig vegna þess hve langt er um liðið frá atvikum. Hann kannaðist þó við að hafa verið staddur á heimili brotþola þegar til ósamlyndis hefði komið á milli þeirra.

Framburður ákærða hjá lögreglu, sem var tekinn upp í hljóð og mynd, var ítarlegri en hér fyrir dómi. Kemur þar fram að ákærði taldi ólíklegt að hann hefði ráðist á brotþola en neitaði því ekki. Hefði hann grun um að hann hefði gert eitthvað en vissi ekki hvað. Efaðist hann þó um að allir áverkarnir væru eftir hann eftir að hann heyrði af því að brotþoli hefði lent í útistöðum fyrr um kvöldið. Þá kannaðist hann við sms-samskipti á milli hans og brotþola, sem borin voru efnislega undir hann að hluta til, og kvað sín fyrstu viðbrögð hafa verið að sýna auðmýkt og taka hann trúanlegan. Kvaðst ákærði ekki muna eftir þessari skýrslutöku í dag eða því sem hann hefði sagt þá.

Engin vitni eru að meintri árás ákærða á brotþola. Frásögn brotþola um að ákærði hafi ráðist á sig á heimili hans er trúverðug en framburður hans fær að nokkru stoð af vitnisburði E hefði ráðist á hann. Þá kvað D ákærða hafa í samtali við sig hafa kannast við að hafa lamið brotþola eða í það minnsta að til ryskinga hefði komið á milli þeirra.

Varnir ákærða eru á því reistar að ekki sé loku fyrir það skotið að brotþoli hafi hlotið áverka sína í viðureign sinni við menn sem hann hefði hitt sama dag, fyrir heimsókn ákærða til hans. Til þess er að að líta að ekkert er fram komið í málinu sem rennir stöðum undir þá málsvörn ákærða að brotþoli hafi hlotið líkamsmeiðsl samdægurs með öðrum hætti, en brotþoli kveður afdráttarlaust svo ekki vera. Telst það vera ósannað. Auk þess verður að telja harla ósennilegt, þegar litið er til þess hve illa brotþoli var leikinn við komu á slysadeild, að það hefði farið framhjá ákærða og er líklegra en ella að hann hefði þá veitt brotþola aðhlynningu. Ákærði rengir ekki að hafa átt í samskiptum við brotþola eftir atvikið með sms-skilaboðum. Þar kemur ítrekað fram skýr ásökun brotþola um líkamsárás ákærða. Biður ákærði hann innilega afsökunar með orðunum „ef ég gerði eitthvað á þinn hlut í gærkvöldi, man þar ekkert nema að við lentum saman, veit að þetta er mér að kenna, sorry [...]“. Einnig skrifar ákærði: „Ég er fáviti með

öllum vímuefnum, en þetta gerði útslagið nóg er nóg, nú stoppar þetta það ömurlegasta er að ég skildi við gera eins og þú lýsir, það er bara ekki hægt að búa til orð yfir svona villimennsku.“ Þá spyr ákærði á einum stað hvort brotþoli sé búinn að kæra sig.

Dómurinn telur með vísan til alls framangreinds mega leggja til grundvallar trúverðugan framburð brotþola sem fær stoð af vitnisburði E og D og öðrum gögnum málsins. Er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás á brotþola á heimili hans [...] 2014. Eins og atvikum er hér háttað og með vísan til framburðar brotþola hér fyrir dómi, m.a. um að hann hafi sjálfur verið undir miklum áhrifum áfengis er árásin átti sér stað, er lagt til grundvallar að ákærði hafi ráðist á brotþola, sparkað einu sinni í hann svo að hann féll í gólfið og haldið barsmíðum áfram. Ósannað er að spörk hafi hafnað í andliti brotþola, en um það var brotþoli ekki afdráttarlaus auk þess sem vitni báru ekki um frásögn hans af slíkri atlögu. Þeir áverkar sem tilgreindir eru í ákæru eru með vísan til læknisvottorðs G raktir til líkamsárásar ákærða, að undanskildu brotnu rifbeini vinstra megin en ákæruvaldið féll frá þeim hluta ákæru er laut að þeim áverka, enda var hann eldri. Ber því að heimfæra háttsemi ákærða undir 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsiákvörðun og einkaréttarkrafa

Ákærði á ekki að baki sakaferil. Við ákvörðun refsingar horfir til þyngingar að um alvarlega líkamsárás var að ræða sem ákærði ber fulla ábyrgð á þrátt fyrir ástand sitt umrætt sinn þó vera kunnir að ásetningur ákærða umrætt sinn hafi verið þokukennður. Vísast í þessu sambandi til 1., 3. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Líta ber til þess við refsíákvörðun að langt er um liðið frá atvikum en frá því að rannsókn hófst og þar til ákæra var gefin út liðu tæp fjögur ár. Ber sérstaklega að nefna aðfinnsluverðan drátt hjá lögreglu, en frá því að málið var sent aftur til rannsóknar frá Ríkissaksóknara og þar til það var sent Héraðssaksóknara liðu tæp þrjú ár. Að þessu virtu er réttlæt看legt að milda refsingu ákærða og er hún ákveðin 60 daga fangelsi, auk þess sem rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnu einu ári frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sinnar. Brotþoli á rétt á miskabótum úr hendi hans á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við ákvörðun bóta er

litið til þess að um fólkskulega árás var að ræða þar sem brotþoli hlaut talsverða áverka. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 300.000 krónur. Krafa um miskabætur ber almenna vexti eins og í dómsorði greinir. Þá eru dráttarvextir á lagðir mánuði eftir birtingu bótakröfunnar. Auk þess greiði ákærði málskostnað vegna meðferðar kröfunnar eins og nánar greinir í dómsorði.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, m.a. vegna vinnu hans á rannsóknarstigi, og annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti sækjanda eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bjarki Ríkharðsson, sæti fangelsi í 60 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A miskabætur að fjárhæð 300.000 kr. með vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá [...] 2014 til 6. september 2018, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags, svo og 147.560 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar lögmanns, 737.800 krónur, og 28.000 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Hjaltested (sign.)